

HRAUN VESTUR

NÝTT MIDSVÆÐI Í HAFNARFIRÐI



MARKMIÐ

Skipulagsreiturinn sem afmarkast af Flatahrauni, Fjarðarhrauni og Reykjavíkurvegi einkennist í dag af sundurleitri byggð, óreiðukenndu gatnakerfi og stórum vannýttum bílastæðalötum. Hverfið byggðist upp á seinni hluta síðustu aldar sem iðnaðarhverfi en á síðustu árum hefur starfsemi á svæðinu verið að breytast og iðnaður víða víkið fyrir verslun og þjónustu. Íbúðabygð á svæðinu takmarkast enn í dag við nýleg fjöl- býlishús á suð-vestur horni reitsins.

Endurnýjun byggðar í Hraunum-Vestur skapar einstakt tækifæri til uppbyggingar fjölbreytts borgarumhverfis og hverfið hefur alla þurfi til að verða að nýju miðsvæði í Hafnarfirði. Mikilvægt er að bera virðingu fyrir sögu svæðisins og varðveita staðarandann, karakter iðnaðarhverfisins, við uppbyggingu á svæðinu. Með því að sauma við núverandi strúktúra, byggja fyrir framan-, aftan-, til hliðar-, ofan á, endurnýta og betrumbæta þar sem þess er kostur næst ákjósanleg fjölbreytni í byggðamynstrið, en slíka fjölbreytni og sögulega breidd vantar oft sárlega í ný hverfi.

Í dag er nú þegar margs konar verslun, þjónusta og léttur iðnaður sem vert er að halda í. Ef hverfið á að verða að lifandi og fjölbreyttum borgarhluta, einnig eftir almennan vinnutíma, þarf að leggja áherslu á fjölgun íbúða og að skapa grundvöll fyrir menningartengda starfsemi á svæðinu.

Hverfinu svipar í dag um margt til Skeifunnar í Reykjavík. Líkt og þar virðist sem ekki sé gert ráð fyrir umferð gangandi né hjólandi vegfarenda og oft reynist erfið fyrir þá sem aka um svæðið að greina á milli gatna og bílastæðafata. Lykillinn að vel heppnaðri uppbyggingu og endurbótum á Hrauninum liggur að mörgu leyti í betrumbættu gatnakerfi þar sem hugað er að aðgengi fyrir alla; gangandi, hjólandi eða akandi - ásamt bættum almenningssamgöngum og tengingu þeirra við hin nýju Hraun-Vestur.

BORGARMÍÐAÐ GATNAKERFI

Fjarðahraun og Reykjavíkurvegur eru líffæðar Hraunanna. Þessar götur þurfa að tryggja gott aðgengi allra samgöngumáta að hverfinu og sauma það saman við aðliggjandi byggð. Til að svo megi verða þurfa þær að taka ákveðnum breytingum.

Lagt er til að umferð til og frá Keflavíkurflugvelli fari um nýja stofnbraut sem tengdi saman Hafnarfjarðarveg og Reykjanesbraut austan við Hraun-Austur. Þannig mætti draga verulega úr umferðarþunga um Fjarðahraun og tækifæri gæfist til þéttingar byggðar meðfram veginum. Grunnur yrði lagður að betri tengingu milli Hrauna-Vestur og Hrauna-Austur. Fjarðahraun gæti í framtíðinni orðið að líflegu breiðstræti sem tengdi saman Hraunin í stað þess að skilja þau að. Gatnamót við FH-torg yrðu ljósastýrð í stað hringtorgs og þannig sköpuð öruggari tenging fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur á milli hins nýja hverfis og íþróttasvæðisins við Kaplakríka.

Um Reykjavíkurveg er gert ráð fyrir að í framtíðinni gangi léttlest sem tengja mun sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins saman. Með bættum almenningssamgöngum, samhlíða aukinni notkun rafmagnsbíla í stað bensindrífina, mætti endurskoða veghelgunarsvæði við bæði Reykjavíkurveg og Fjarðahraun. Tillagan gerir þannig ráð fyrir að þetta mætti byggð meðfram báðum götumum og þannig sköpuð betri tenging milli Hraunanna og aðliggjandi byggðar.

Innan skipulagsreitsins er gert ráð fyrir að megin-ásar gatnakerfisins haldi sér að mestu leyti en götur verði skilgreindar með skýrari hætti og greint verði á milli breiðstræta, borgargatna og vistgatna. Stakkahraun og Hjallahraun liggja austur-vestur á milli Fjarðahrauns og Reykjavíkurvegar. Lagt er til að þær verði skilgreindar sem borgargötur, ein akreirn í hvora stefnu með bílastæðum samsíða götu, hjólastígum og breiðum gangstétum. Borgargötumnar skipta Hraunum-Vestur upp í þrjá mismunandi hverfishluta. Tillagan gerir einnig ráð fyrir að Gjóthraun og Trónuhraun tengist og myndi megin vistgötu hverfisins sem tengi saman saman hverfishlutana þrjá.

VISTVÆNT SAMFÉLAG

Í tillögunni er gert ráð fyrir töluverðri aukningu byggingarmagns á svæðinu og að nýtingarhlutfall skipulagsreitsins í heild sinni fari úr ca. 0,6 í ca. 1,7. Þéttari og blandaðri byggð er forsenda sjálfbærar skipulagsstefnu fyrir svæðið. Gert er ráð fyrir tiltölulega jöfnu hlutfalli á milli íbúðarfermetra og fermetra undir atvinnustarfsemi til að tryggja líflegt borgarumhverfi innan og utan hefðbundins vinnutíma. Fjölbreytt framboð minni og stærri íbúða sem hentað gætu sem breiðustum hópi samfélagsins stuðlar að félagslegri fjölbreytni í hverfinu.


Í tillögunni er lögð áhersla á blöndun byggðamynsturs með góðu aðgengi að fjölbreyttum almenningssvæðum, grænum gördum og torgum. Áhersla er lögð á eflingu vistvæнна ferðamáta með léttlest, hjólreiðastígum og vistgötum. Verslun, þjónusta og í sumum tilfellum vinnustaðir verða í göngufjarlægð fyrir allra íbúa borgarhlutans sem aftur stuðlar að vistvæнна samgöngumynstri.

Lögð verður áhersla á blágrænar ofanvatnslausnir í enduruppbyggingu svæðisins, endurnýtingu og umbreytingu bygginga og að hverfishlutarnir þrír myndi heildstæða umgjörð um lifandi og aðlaðandi staði.





HORFT TIL AUSTURS YFIR HRAUNGARÐ AÐ BORGARTORGI



ÞRÍR HVERFISHLUTAR

Í tillögunni er skipulagsreitnum skipt í 3 hverfishluta; A, B og C. Allir einkennast þeir af fjölbreyttri blandaðri byggð, þar sem gamalt og nýtt mætist í blöndu íbúða, verslunnar og þjónustu í bland við léttan iðnað. Hver hverfishluti hefur þó sínar ólíku áherslur og einkenni.

A: Miðborgarumhverfi með fjölbreyttum almenningssvæðum, borgartorgi, göngugötu, verslunarmiðstöð, bókasafni, kvikmyndahúsi, markaðstorgi og samgöngumiðstöð.

B: Randbyggð með skjólgöðum inn gördum. Verslun, þjónusta og léttur iðnaður á jarðhæðum - íbúðir á efri hæðum.

C: Turnatorg, höfuðstöðvar fyrirtækja, "lofts" í umbreyttu iðnaðarhúsnæði, hótél, þjónusta, ofl.



MEGIN TENGINGAR

Fjarðahraun og Reykjavíkurvegur eru lífæðar Hraunnanna. Þessar götur þurfa að tryggja gott aðgengi allra samgöngumáta að hverfinu og sauma það saman við aðliggjandi byggð.


Innan skipulagsreitsins er gert ráð fyrir að meginásar gatnakerfisins haldi sér að mestu leyti en götur verði skilgreindar með skýrari hætti og greint verði á milli breiðstreita, borgargatna og vistgata. Lagt er til að Gjótuhraun breyrist út botagötu og tengist Trönuhrauni sem megin vistgata svæðisins. Helluhraun leggst niður svo hún skilji ekki landslag hraungarðsins frá borgartorginu. Núverandi aðreinar að Helluhrauni breytast í að- og fráreinar að bilakjallara undir borgartorgi.

Á skýringarmynd tákna bláar götur breiðstræti, gular borgargötur og grænar vistgötur.



ALMENNINGSSAMGÖNGUR

Góð tenging við almenningssamgöngur er mikilvæg forsenda breyttra og vistvænni ferðavenja. Um Reykjavíkurveg er gert ráð fyrir að í framtíðinni gangi léttlest sem tengja mun sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins saman. Almenningsvagnar munu ganga um Fjarðahraun og inn í hverfið.



ISÓMETRÍSKT SNIÐ AA - HVERFISHLUTI A

HVERFISHLUTARNIR

Í tillögunni er skipulagsreitnum skipt í 3 hverfishluta; A, B og C. Allir einkennast þeir af fjölbreyttri blandaðri byggð, þar sem gamalt og nýtt mætist í blöndu íbúða, verslunnar og þjónustu í bland við léttan iðnað. Hver hverfishluti hefur þó sínar ólíku áherslur og einkenni.

Hverfishluti A

Hverfishlutinn verður þungamiðja svæðisins og mun hafa yfir sér blá miðbæjarkjarna með áherslu á fjölbreytt almenningssvæði, blandaða verslun, atvinnu- og menningartengda starfsemi. Svæðið er syðst á skipulagsreitnum, í göngufjarlægð frá miðbænum og þar er í dag m.a. að finna Krónuna, Bónus, apótek, vínbúð, bakarí, hamborgarastað, lögreglustöð, fjölþýlishús og blandaða léttu iðnaðarstarfsemi.

Við Reykjavíkurveg í vestri er gert ráð fyrir meginstoppi léttlestarinnar og samgöngumiðstöð henni tengdri. Frá samgöngumiðstöðinni liggur göngugata til austurs yfir reitinn í gegnum þyrpingu umbreyttra iðnaðarhúsa með íbúðum á efri hæðum en blandaðri atvinnustarfsemi, vinnustofum og galleríum á jarðhæð. Göngubrú yfir hraunið á miðju reitsins leiðir að líflægu borgartorgi. Við norðuhlíð torgsins gætu t.d. risið fjölþýlishús og hótél með verslunum og veitingastöðum á jarðhæð sem opnast út á torgið.

Á austurhlíð reitsins er lagt til að saumað verði við þá verslunarstarfsemi sem þar er að finna svo úr verði ný samtengd verslunarmiðstöð með kvikmyndahúsi, veitinga- og kaffihúsum, ofl. Þær verslanir sem í dag standa við austurhlíð hverfishlutans snúa allar bakhlíðum sínum að Fjarðahrauni. Með því að byggja við og ofan á þau mannvirki mætti tengja nýja verslunarmiðstöð við borgartorgið, Fjarðahraun og Flatahraun. Borgartorgið rennur í gegnum verslunarmiðstöðina allt að gatnamótum Fjarða- og Flatahrauns. Þar er gert ráð fyrir ljósastýrðum gatnamótum í stað hringtorgs til að bæta aðgengi gangandi og hjólandi vegfærenda til og frá flóttasvæðinu við Kaplakrika.

Á suðurhorni hverfishlutans, í nálægð við samgöngumiðstöðina og núverandi fjölþýlishúsabyggð er gert ráð fyrir bókasafni eða annari menningartengdri starfsemi.

Hverfishluti B

Randbyggð með skjólgöðum og sólríkum inn gördum verður einkennandi fyrir miðsvæði skipulagsreitsins, hverfishluta B. Verslanir, þjónusta, léttur iðnaður og atvinnustarfsemi verður á jarðhæðum en íbúðir á efri hæðum.

Í miðju hverfishlutans, milli Trönuhrauns og Dalshrauns, er gert ráð fyrir að stór hluti skemmubygginga viki en hugsanlegt er að hluti húsa standi áfram. Útlit og hlutverk þeirra mun þó breytast. Hér er gert ráð fyrir djúpum jarðhæðum fyrir blandaða þjónustu/atvinnustarfsemi sem ofan á kæmu 1-3 hæðir íbúða í grenni byggingarkroppum. Þakgarðar sem vísa bæði inn í inngarð og út til umliggjandi gatna verða einkennandi fyrir þennan hluta.

Vel færi á því að byggja við og bæta við hæðum á byggingar sem standa við Reykjavíkurveg og Fjarðahraun. Í mörgum þeirra er í dag að finna verslanir og atvinnustarfsemi sem fellur vel að framtíðarsýn fyrir bandaða byggð á skipulagsreitnum.

Hverfishluti C

Lagt er til að styrkja þennan hluta skipulagsreitsins sem ákjósanlegt svæði fyrir höfuðstöðvar fyrirtækja. Nýbyggingar á jarðri norðurhluta hverfishlutans saumast saman við þá einkennandi bogadregnu byggingarkroppa sem þar standa og mynda saman 3-4 hæða krans í kringum grænan borgargarð. Í borgargarðinum eru 3-4 frítt standandi skrifstofuturnar með almenningstengdri þjónustu á jarðhæðum. Bílastæði eru neðanjarðar undir borgargarði.

Sunnan við borgargarðin er m.a. að finna fjölbreyttar íbúðir, "lofts" og vinnustofur listamanna í umbreyttum iðnaðar- og nýbyggingum. Þar er einnig að finna hótél, þjónustu og verslun í bland við léttan iðnað.

KENNILEITI / HORNIN ÞRJÚ

Lagt er til að þríhyrningslaga skipulagsreitirinn verði rammaður inn með auðkenndum kennileitum á hornum hans.

Byggðin ris hæst í norðri þar sem borgargarður, bogadregnar byggingar og skrifstofuturnar markera norðurhornið. Í suð-vestur horni verður að finna bókasafn eða menningarmiðstöð ásamt samgöngumiðstöð í tengslum við léttlestarkerfi. Í suð-austur horni verður það verslunarmiðstöð með kvikmyndahúsi sem markerar hornið og myndar inngang að lifandi borgartorgi og útivistarsvæði við Hraungarðinn.





HRAUN-VESTUR FYRIR UPPBYGGINGU

HJÓLREIDASTÍGAR

Hjólreiðastígar verða hluti af öllum helstu samgönguásum hverfisins.




GRÆN SVÆÐI

Samfelldur vefur grænna útivistarsvæða tengir saman hverfishlutana, heimili og atvinnusvæði.



TORG


Tvö megingtorg með ólíkan karakter, sitt í hvorum enda hverfisins, spenna út byggðina. Smærri torg og garðar tengjast helstu samgönguás fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.



HRAUN-VESTUR EFTIR UPPBYGGINGU



Hraunin gætu orðið að nýju miðsvæði Hafnafjarðar til framtíðar



Ný stofnbraut sem tengdi saman Hafnafjarðarveg og Reykjanesbraut austan við Hraun-Austur drægi úr umferðarþunga um Fjarðahraun. Fjarðahraun gæti þannig til framtíðar orðið að breiðstræti sem tengdi saman Hraun-Vestur og Hraun-Austur - í stað þess að skilja borgarhlutana að



Miðlæg staðsetning Hrauna-Vestur miðað við Miðbæ Hafnafjarðar, íþróttasvæðið við Kaplakrika og helstu skóla bæjarins





HORFT TIL NORDURS EFTIR TRÖNUHRAUNI

BÍLAKJALLARAR

Gert er ráð fyrir að drjúgur hluti bílastæða hverfisins muni með tíð og tíma færast neðanjarðar undir torg, garða og nýbyggingar.




ÞJÓNUSTA, VERSLUN & ÍDNADUR

Gert er ráð fyrir fjölbreyttri þjónustu, verslun og léttum iðnaði á jarðhæðum á öllum skipulagsreitnum. Innan hverfisins gæti verið kja




KENNILEITI / HORNIN ÞRÚ

Kennileiti á þremur hornum byggðarinnar ramma inn hverfið; Borgargarður og turnar í norðri, bókasafn/menningarmiðstöð við suð-vesturhorn og verslunarmiðstöð/kvikmyndahús við suð-austur horn.



ISÓMETRÍSKT SNID BB - HVERFISHLUTI B



ISÓMETRÍSKT SNID CC - HVERFISHLUTI C

